**Fundargerð**

**508. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, þriðjudaginn 2. júlí 2024.**

**Fundinn sátu:**
Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Bergur Sigfússon, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund klukkan 10.00.

**Fundargerðir til staðfestingar**

1. 2406001F - Skipulagsnefnd - 194

1.1 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 194**

Skipulagsnefnd samþykkir framlagða tillögu að endurskoðuðu Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043 og leggur til við sveitarstjórn að tillagan og umhverfisskýrsla verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.**
**SHJ sat hjá við afgreiðslu málsins.**

1.2 2203005 - Snæbýli 1 - dsk ferðaþjónusta

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 194**

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

1.3 1906004 - Deiliskipulag - Efri Ey 2 og 3

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 194**

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

1.4 2302029 - Deiliskipulag Núpum - Breyting

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 194**

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

SHJ GPS AG BS JG

1.5 2309033 - Hemruhlíð nýtt deiliskipulag

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 194**

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

2. 2406027 - Fræðslunefnd

*Lögð fram fundargerð 185. fundar fræðslunefndar Skaftárhrepps, frá 28. júní 2024.*

**Sveitarstjórn tók til umfjöllunar liði 1, 2 og 3 í fundargerð fræðslunefndar.**
**Liður 1: Skóladagatal grunnskóla 2024 til 2025, sveitarstjórn samþykkir samhljóða, fyrirliggjandi skóladagatal.**
**Liður 2: Skóladagatal leikskóla 2024 til 2025, sveitarstjórn samþykkir samhljóða, fyrirliggjandi skóladagatal.**
**Liður 3: Ráðning á aðstoðarskólastjóra, sveitarstjórn staðfestir , ráðningu á Dóru Esther Einarsdóttur sem aðstoðarskólastjóra sameiginlegs skóla til eins árs frá 1. ágúst næstkomandi að telja, SHJ situr hjá við afgreiðslu málsins.**
**Hlé var gert á fundinum klukkan 11.00**
**Fundi framhaldið klukkan 11.06**
Sveinn Hreiðar Jensson lagði fram eftirfarandi bókun:
*Ég, Sveinn Jensson oddviti XD og óháðra, lýsi yfir áhyggjum af núverandi stöðu í sameiningarferli leik- og grunnskóla sem er óljós og veldur það óvissu. Að auki er ósamræmi í atvinnuauglýsingum þar sem talað er um bæði nýsameinaðan skóla, Kirkjubæjarskóla og hins vegar leikskólann Kærabæ. Þetta veldur ruglingi varðandi hvort um sameinaða stofnun sé að ræða eða ekki. Nýtt skipurit fyrir sameinaða stofnun hefur ekki verið kynnt að oddvita XD og Óháðra vitandi. Jafnframt eru áætlanir um að móta nýtt skipulag fyrir sameinaðan skóla með skýrum verkaskiptingum og ábyrgðarsviðum enn óljósar. Ekki hefur verið kynnt fjárhagsáætlun sem nær yfir kostnað við sameiningu og áætlanir til lengri tíma. Skv. samþykkt sveitarstjórnar skal sameinaður skóli taka til starfa 1. ágúst og því ljóst að hraða verður öllu ferlinu ef tímasetning á að standast.*
*Í lokin er rétt er að minna á ábyrgðarhlutverk fræðslunefndar samkvæmt lögum, þar á meðal eftirlitshlutverk yfir skólamálum, eins og kveðið er á um í lögum nr. 91/2008 um grunnskóla en málið kemur fyrst á fund nefndarinnar 28. júní 2024.*

Sveinn Hreiðar Jensson lagði fram eftirfarandi bókun:

*Ég, Sveinn Jensson oddviti XD og óháðra, vil lýsa yfir undrun á bókun fræðslunefndar á fundi nr. 185 vegna máls 2406006 - Erindi frá Menntamálaráðuneytinu.*

*Það vekur furðu mína að nefndin kjósi að setja í fundargerð að það sé ámælisvert að Skólapúlsinn hafi ekki verið framkvæmdur undanfarin ár og að það sé lagaleg skylda að nota hann. Að auki er haldið því fram að nýjasta skýrsla varðandi foreldrakönnun sé frá skólaárinu 2018-2019. En samkvæmt mínum upplýsingum og fundargerðum hefur:*

- *Framkvæmd nemendakönnun í gegnum Skólapúlsinn átt sér stað árið 2022, eftirvinnsla, einungis eftir.*
- *Framkvæmd foreldrakönnun á vegum Attendus árið 2020-2021*
- *Framkvæmd starfsmannakönnunar á vegum Líf og Sál desember 2023*

*Hægur vandi hefði verið að óska eftir uppl. frá fyrrum skólastj. sem enn var að störfum þegar fyrirspurn frá ráðuneyti barst og vekur undrun að slíkt hafi ekki verið gert. Hefði það verið í samræmi við reglugerð nr. 658/2009 – Reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald, skal fræðslunefnd í umboði sveitarstjórnar hafa eftirlit með því að skólastarf í grunnskólum samræmist lögum, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Það er því ábyrgð fræðslunefndar að veita stuðning, aðhald og eftirgrenslan við störf skólastjóra og að innra sem ytra mati skólans sé sinnt.*

**Að öðru leiti er fundargerðin lögð fram til kynningar.**

**Fundargerðir til kynningar**

3. 2406026 - Fjallskilanefnd Landbrots- og Miðafréttar

*Lögð fram fundargerð fjallskilanefndar Landbrots- og Miðafréttar frá 11. júní 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar. Vegna liðar í fundargerð sem fjallað er um girðingarmál, vill sveitarstjórn árétta að sveitarfélagið hefur lagt til efniskostnað í viðhaldi girðinga og í nýjum girðingum, sama á um annað viðhald sem fjallskilanefndir hafa lagt útí. En upprekstrarhafar í hverri fjallskiladeild hafa séð um vinnuliði og ekki er fyrirhugðuð breyting á þessu fyrirkomulagi.**

4. 2406028 - Íþrótta- og tómstundanefnd og menningarmálanefnd

*Lögð fram fundargerð frá sameiginlegum fundi Íþrótta- og tómstundanefndar og menningarmálanefndar frá 10. júní 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

5. 2406024 - Rekstrarnefnd Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla

*Lögð fram fundargerð 143. fundar rekstrarnefndar Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla, frá 29. maí 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

Shi. Ah JG. GBS BS

6. 2406022 - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

*Lögð fram fundargerð 82. fundar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, frá 27. maí 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

7. 2406017 - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

*Lögð fram fundargerð 83. fundar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, frá 12. júní 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

8. 2406016 - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

*Lögð fram fundargerð aðalfundar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, frá 12. júní 2024 ásamt fylgigögnum.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

9. 2406021 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

*Lögð fram fundargerð 610. fundar stjórnar SASS frá 6. júní 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

10. 2406010 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

*Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar SASS, frá 7. júní 2024*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

11. 2406012 - Bergrisinn bs.

*Lögð fram fundargerð 74. stjórnarfundar Bergrisans bs., frá 24. júní 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

12. 2406014 - Arnardrangur hses.

*Lögð fram fundargerð 14. stjórnarfundar Arnardrangs hses, frá 24. júní 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

13. 2406018 - Heilbrigðisnefnd Suðurlands

*Lögð fram fundargerð 236. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 11. júní 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

**Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu**

14. 2406011 - Samband íslenskra sveitarfélaga

*Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett, 26. júní 2024, vegna gjaldfrjálsar skólamáltíðar.*

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða að taka upp gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskóla sveitarfélagsins frá og með næsta skólaári.**

15. 2406013 - Bergrisinn bs.

*Lagt fram bréf frá Bergrisanum bs., dagsett, 26. júní 2026. Óskað er eftir staðfestingu Skaftárhrepps á húsnæðisreglum í málefnum fatlaðs fólks á þjónustusvæði Bergrisans bs.*

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða, fyrir sitt leiti, fyrirliggjandi reglur Bergrisans um húsnæði fyrir fatlað fólk.**

16. 2406015 - Sameiginleg frístundasíða

*Lögð fram drög af samningi á milli sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu um uppsetningu og rekstur á sameiginlegri frístunda- og viðburðarsíðu.*

**Lagður fram samningur vegna Suðurlífs, sem væri sameiginleg heimasíða fimm sveitarfélaga í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu til að upplýsa íbúa og fleiri um viðburði, frístundir, hreyfingu, útivist og fleira. Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða, fyrir sitt leiti, fyrirliggjandi samning.**

17. 2406019 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Erindi, dagsett, 12. júní 2024, umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis Gísla Halldórs Magnússonar. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-H frístundarhús. Staðsetning gististaðarins er Ásar 1.*

**Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.**

18. 2406020 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Erindi, dagsett 10. apríl 2024, umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis Mörtunga slf. Sótt er um leyfi til reksturs veitinga, tegund F-Krá og D-Veisluþjónusta og veitingaverslun. Staðsetning er Mörtunga 2*

**Sveitarstjórn samþykkir samhljóða , veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.**

19. 2406035 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Lagt fram bréf, dagsett, 28. júní 2024 frá Sýslumanninum á Suðurlandi, vegna umsagnarbeiðni um tækifærisleyfi til handa Mörtungu slf.*

**Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.**

20. 2406030 - Atvinnueign ehf.

*Lagt fram bréf dagsett, 24. júní 2024, frá Atvinnueignum ehf. þar sem óskað er eftir lóð á Kirkjubæjarklaustri undir 40 til 50 herbergja hótel.*

**Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.**

21. 2406031 - HB Heiði ehf.

*Lagt fram bréf dagsett, 5. júní 2024, frá HB Heiði ehf. þar sem óskað er eftir lóðum undir 30 íbúðaeiningar á Kirkjubæjarklaustri.*

**Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.**

22. 2406032 - Lex Lögmannsstofa

*Lagt fram bréf, dagsett 19. júní 2024, frá LEX Lögmannsstofu vegna viðræðna um land Kirkjubæjar II, svæði ÍB5.*

**Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn felur Sókn Lögmannsstofu að svara erindinu.**

23. 2406033 - Heima á Klaustri

*Lögð fram drög af kynningarferli, Heima á Klaustri, sem er unnin til að kynna Skaftárhrepp sem búsetukost.*

**Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að halda áfram með verkefnið.**

24. 2406034 - Sumarlokun skrifstofu Skaftárhrepps

**Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Lagt er til að sumarlokun skrifstofu verði eftirfarandi:**
**Frá mánudeginum 15. júlí til og með föstudagsins 26. júlí**
**Frá fimmtudeginum 1. ágúst til og með föstudagsins 9. ágúst. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða tillögu um sumarlokun skrifstofu sumarið 2024.**

**Mál til kynningar**

25. 2406023 - Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ)

*Lagt fram bréf frá Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, dagsett, 6. júní 2024, vegna skipunar stýrihóps á vegum Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins og Matvælaráðuneytisins til að undirbúa áformaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits.*

**Lagt fram til kynningar.**

**Skýrsla sveitarstjóra**

26. 2406029 - Skýrsla 508. fundur

**Sveitarstjóri lagði fram minnisblað vegna fyrirspurnar minnihluta sveitarstjórnar á 507. fundi sveitarstjórnar. Sveitarstjóri greindi frá þeim framkvæmdum sem unnið er að og öðrum verkum sínum.**

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 13.01.

Jóhannes Gissurarson

Bergur Sigfússon

Gunnar Pétur Sigmarsson

Auður Guðbjörnsdóttir

Sveinn Hreiðar Jensson